



Iðnaðarráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. apríl 2008
Tilvísun: 2008040025
Bréfalykill: 50.15
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tilskipun um mat á flóðahættu.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarráðuneytisins, dags. 23. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um áhrif tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/60/EB um mat á flóðahættu, hvort og þá að hvaða leyti innleiðing tilskipunarinnar kann að kalla á breytingar á íslenskum lögum og hvaða kostnað það hefur í för með sér.

Hérlendis hefur lögbundin skylda vegna kortlagningar vatnsflóða og -hlaupa eða mats á flóðahættu ekki verið til staðar. Hins vegar er ljóst að mikilvægt er að fyrir liggja upplýsingar um flóð og flóðahættu t.d. þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun. Einnig er mikilvægt að hægt sé að vara við flóðum og fylgjast með framgangi þeirra með vöktunarmælum. Í grein 4.18.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s. br. segir:

"4.18.2 Svæði undir náttúruvá í skipulagsáætlunum.

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig."

Þrátt fyrir framangreinda skyldu hafa ekki legið fyrir upplýsingar um útbreiðslu þekktra flóða eða mat á flóðahættu hérlendis. Til að bregðast við þörf á slíkri skráningu var á árinu 2007 hleypt af stokkunum verkefni um kortlagningu flóða, sem Vatnamælingum Orkustofnunar var falið að framkvæma. Verkefninu er skipt í 2 hluta: kortlagningu útbreiðslu flóða í desember 2006 og söguleg flóð á vatnasviði Hvítár og Ölfusár annars vegar, en hins vegar útbreiðsla flóðfara á öðrum stöðum en á Suðurlandi. Hvorum verkhluta er skipt í fjóra verkþætti: Kortlagningu á útbreiðslu flóðsins í desember 2006, athugun á sögulegum flóðum, uppsetning vatnsborðsmæla til vöktunar á flóðum og að lokum framtíðarrekstur vöktunarmæla.

Samkvæmt frumvarpi til laga um Veðurstofun Íslands verður eitt verkefna nýrrar stofnunar að annast vöktun vegna náttúruvár og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu, m.a. af völdum hlaupa og vatnsflóða. Samkvæmt frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að stofnunin muni vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnvalda. Orkustofnun er ekki ljóst hvaða stjórnvöld, önnur en almannavarnayfirvöld, eigi að bera ábyrgð á og hafa frumkvæði að gerð slíks hættumats.

Orkustofnun telur að verði fyrirbyggjandi frumvarp til laga um Veðurstofu Íslands að lögum verði kröfur tilskipunar 2007/60/EB uppfylltar að hluta. Eftir stendur að í tilskipuninni er m.a. gerð krafa um áhættumat vegna flóða og gerð áætlana um viðbrögð við flóðahættu. Orkustofnun telur að slíkar áætlanir kunni einna helst að eiga heima í skipulagsáætlunum og telur að eðlilegt væri að skýra ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um hvernig tekið skuli á ákvörðunum um landnotkun á svæðum þ.s. flóðahætta er yfirvofandi á sama hátt og gert hefur verið vegna ofanflóða.

Orkustofnun hefur ekki upplýsingar um kostnað sem innleiðing tilskipunar 2007/60/EB kann að hafa í för með sér en er kunnugt um að Vatnamælingar séu að vinna að samantekt áætlunar um slíkan kostnað.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir